- afi Broddi borg þvi við, og varð frægur fyrir. Eð þessi  
þurft að segja sögu málsins sjálfur fyrir haddstar, því  
hvör er sínum hníttum kunnigastur, en sagan er í stóttur  
máli svona, það var róið að því öllum árum að þú  
- anna mig burt af jörðinni, frændur míni stóðu sér  
kanna sjálfir, - stóðu að verða þeir stærku í spili.

Eð get sent haddstar sögu málsins, það getur skipt  
máli, en "Margur við Mjívötni," þar yrdi hvort, en ég  
þess svosem ekkert gaman af því, af því ég er ekki róberi, en  
þinn vegar veit ég að það þer árangur, þegar stjetturinn  
hvað á undan þar gengid, og hvernig að mér þessur veit  
mínd. Eð þetta svokallada illbránda Kílamál vinst  
og þeir fái sín svakling málagjöld, þá verður það frægt,  
en ef það fer mi til haddstarjettar á þessu egi yfiri meina sj-  
álfur, þá gjörvudu svo vel að tala máli mínu við dómur  
- ann þvi það þer árangur sem <sup>þú</sup> segir, líkt og þegar þar  
- steinnur notaftur fór í þranginu, það þar allt ávar-  
- gur sem þannu gjörði.

og vestu svo blessadur  
Sveinn Sigþórsson

# JÓNAS G. RAFNAR

héraðsdómslögmaður

Akureyri - - Símar 578 og 618

Akureyri 18. ágúst 1950

Hr. ráðherra Bjarni Benediktsson,  
Reykjavík.

Þakka þér fyrir síðast.

Hér hefir verið í bænnum Ingimundur Gestsson, form. "Hreyfils". Ræddum við undirbúning okkar hér nyðra fyrir í hönd farandi alþýðusambandsþingskosningar. Eg teldi mjög æskilegt, að flokkurinn fengi kunnugan og reyndan mann í verklýðsmálum til þess að ferðast fyrir kosningarnar og skipuleggja baráttu okkar manna. Gæti ég verulega auðveldað starf þessa manns hér nyðra.


Ólafur talaði við mig fyrst í síma í dag. Virðast mér niðurstöður allar óljósar, en erfitt er að ræða þessi mál í síma. Bauðst ég til þess að koma suður í næstu viku til viðræðna, en Ólafur hefir nauman tíma.

Það er verst, að þessi dráttu r kemur sér mjög bagalega, þar sem ég bjóst við svári varðandi "Íslending" í seinasta lagi um miðjan þennan mánuð. Getur vel svo farið, að allt breyttist með "Íslending" og er þá illt að hafa verið tíma til ónýtis.

Annars er ég, okkar á milli, að verða leiðari og leiðari á viðskiptunum við miðstjórn og framkvæmdarstjórn - og því sennilega heppilegast, að aðrir taki við, sem hafi meira langlundargeð og meiri skilning á erfiðleikum forráðamannanna.

Kær kveðja

þinn einl.



Yfirtvísti Dómsmála radeina

Bjarni Benediktsson

Jeg biddur minnast ni fangars sem jeg  
taladi um við yður í sumar  
hann heitir Ragnar Kristjánsson.

Þuin að vera á þyrta ár í fangelsi jeg kann  
ekki gang þessa máls, um jeg kann að vera  
vitni um framkomu hans þegar jeg hef  
vitjat þessa í  $3\frac{1}{2}$  mánuð síni í viku <sup>hvern</sup>  
Hljóð og andmjúkari allri framkomu og  
heist ekki vera kalla til nokkuro manns  
kostgæfimm að leiðeina öðrum til Krists  
og þája Guð um þyrngþyrngingu og bitur  
með miklu þolþæði og eftirvænting  
eftir frelsi sínu. jeg er fávís kona í  
þessum sökum hvað eg get gert, mjær fyrst  
svo sánt að eða teingri tína þegar Guð  
þufur gefir þorum náð til að eignast  
andlegt þæði um afbröta mönnum  
þjölgar daglega. og jeg er vonglöt að  
hann freistist ekki af Guðsvíggi  
framari og líka trésti jeg að Guði  
mirkum síni varðveiti hann.

Og nú bið jeg yður Bjarni Benedikt  
að veita þessum unga manni <sup>son</sup> líðsemi  
yðar sem frammast þjar getið  
því þer er hver að baki nema  
sjar bróðir eigi.

Jeg bið yður fyrir gefa gættu  
móðir þetta.

Virdingarfyllt

Spurður Gudmunds



# SIG. ÁGÚSTSSON

Útgerð - Verzlun - Frystihús

SIMNEFNI: ÁGÚSTSSON  
SIMAR: 1-8-40-21

P.t. Reykjavík, 11. okt. 1950.  
STYKKISHÓLMUR,

Kæri Bjarni,

Til viðbótar samtali okkar í gær, út af hugsanlegri málssókn á H. og skyldulið hans, vil jeg taka fram eftirfarandi.

Eins og <sup>þú</sup>gat um við þig, tel jeg þetta mesta hjegómamál, að minnsta kosti enn sem komið er. Ef það er hinsvegar ákvörðun þín að fyrirskipa málshöfðun á H. og fólk hans, þá fer gamanið að grána. Mjer hefir jafnvel skilist á þjer og Ólafi, að vegna framferðis H. mætti gera ráð fyrir því að starfstíma hans við bankann væri senn lokið. Sú ráðstöfun mundi koma harðast niður á viðskiptavinum bankans innan Sjálfstæðisflokksins - en ef til vill er það aukaatriði, þó við Sjálfstæðismenn, sem notið höfum óvenjulegs trausts og skilnings hjá H. verðum gerðir upp við lítinn orðstír - en viðeigandi eftirmæli í Tímanum, þegar þar að kæmi.

H. er frændi minn og vinur. Jeg hefi þekkt hann í yfir 30 ár - og er ekki ofmælt, þó jeg segi að hann hafi reynst mjer best þeirra mann, enn sem komið er, sem jeg hefi kynnst á lífsleiðinni. Sjálfstæðisflokkurinn og jeg á mikið H. að þakka, hversu góð kosning mín var við síðustu alþingiskosningar. Þjer má því vera ljóst, góði vinur, að mjer er það mikið kappsmál, að þessi málshöfðun verði látin falla niður. Jeg sagði einhverju sinni við L.J. , að jeg væri reiðubúinn að leggja niður þingmennsku, ef fyrirskipuð yrði málshöfðun á H. Mjer var strax ljóst, að mjer var ekki stætt á þessari yfirlýsingu, hvorki gagnvart þjer eða kjósendum mínum í Snæf.sýslu. Hinsvegar mun jeg taka

# SIG. ÁGÚSTSSON

Útgerð - Verzlun - Frystihús

SIMNEFNI: ÁGÚSTSSON  
SIMAR: 1-8-40-21

II.

STYKKISHÓLMUR,

Það til rækilegrar yfirvegunar, hvort jeg á að vera í framboði aftur fyrir flokkinn, ef jeg verð þess var - að málaleitanir mínar, sem jeg legg mikið kapp á, sjeu að engu hafðar. Þú gast um það í gær, að ef það hefði verið jeg, sem hjer hefði átt hlut að máli, hefði afstaða þín orðið önnur - þannig, að þú hefðir viljað taka sök mína á þig. Þetta var drengilega melt, eins og við mátti búast af þjer. Hinsvegar taldir þú þig ekki hafa löngun til að standa í eldinum fyrir H. og hans fólk.

Jeg bið þig að setja þig í mín spor - og er þú tekur ákvörðun í málinu, þá hafir þú í huga, að þú sjert að gefa mjer upp sakir, en ekki H. Jeg hefi sagt þjer hug minn allan og vona að þú færir mjer það ekki til verri vegar.

Með fullu trausti.

Þinn einlægur

*Sig. Ágústsson.*

1  
Reykjavík 877 1950

Herra Bjarni Benediktsson  
Dómsmálaráðh.

Þeg var búinn að fara um  
að senda yður nokkra línur  
Þeg hefi eftir bestu gælu  
regnt að komast eftir því  
sem Kommunistar hófa fyrir  
stafur en það er mjög  
erfitt vegna þess hvar  
Kommunistaflokkurinn  
starfar í morgun sama  
hópur og er önnur þess  
vitandi vils stíð sendur  
og kynning persónulegs eðlis  
lítil meðal hinna einstökum  
hápa og jafnvel meðlinda  
enda virri áttu fordæmi þor.  
Þakkloti fyrir greiða er þor  
ekki í hvegunum höfð. Allt á að  
smíast um flokkinn og hina  
níssnesku biltungru

Sosíalístafélagið er talið hafa  
900 borgandi. Meðlimur  
Kongur og Karla 250 af þessum  
mönnum er ávallt tilkinnur  
til starfa og til að smala  
á fundi og þesskættar

75 af þessum mönnum eru  
afleið á mótum úrvalsliðs og  
er stjórnað af Stefáni Ögmundson  
og honum til aðslodað Guðni.

Þjóðkasson fyrverandi lögreglu  
þjórn þetta lið hefi haft  
afmæti og er talið mjög vel  
skólað í fræðum og starfs  
aðferðum Kommúnista

Elstaklúbbsfélkangin  
Telur 170 meðlimi og sex  
serdeild fyrir stúlkur ásamt  
einhverju af hlauपालिद

90 af þessum félagsmönnum  
eru taldir 100% Kommúnistar  
og mun þetta vera alveg  
viltur liður og til í hverri

Konur óhæfuverta ef þeir eru  
til þess skipaði.

Böðvar Felursson hefur  
forstlumadur þessa listu  
falir verur smugur áróðurs  
madur og hin verstu glapa  
Klund og er sagður í sýrstöta  
dálafi hjá Rússmesta Sendi-  
ráðinu hann skur þessa  
muglunga upp eftir fast  
ákerðum reglunum og má reygja  
að hann scrifi þá ráði og  
rdum með andlegum þorri  
sem er framkvæmdur á  
hann ófrilegasta hátt

Þez er alveg viss um að  
þarna er að alast upp  
fólk sem andvöld verður að  
bruka til allra handa  
óhæfuverta í fram tíðinni

Stólbjörn Felursson Gullsm.  
Fóri Þyglufirdi er sagur hofu  
haldur uppri kemlu í

Skendaverkum svo sem  
 af opna smekklásum lengja  
 rofurmanni uti veggi þarig  
 að kókni i eftir dælitin tíma  
 og áu þess að öruggi bili  
 hann gekk á skola í Russtund  
 fyrir Skendaverkamenn og  
 er sagður hafa verið til frekari  
 fullnunnar hjá Rússmestrum  
 menni í sendirátnum sem nafn  
 er ekki vitað á en menn hafa  
 gengið lengi í stuttbylgur  
 hjá Karli Jónsyni lækni í  
 Tringölu. Adalbjörn er sagður  
 kenna tilbunng lítille  
 dynameksprengr. ofl.

Kommunistar eru fyrir 3  
 vikum byrjaði á að breiða  
 skjól og skilríkji flakksins  
 eru fela þau úti bæ þjá  
 launnukommunistum

Jeg hefi heyrt að maður  
 í Búnadabanka Íslands sem

heilis Haukur Þorleifsson  
 hófi eitt hvert mjög mikils  
 verð hlutverk í stjórn hins  
 "Íslenzka Kommúnista Flakks"  
 enu kommi ekki óþilliberlega  
 framur enu sé mjög hand-  
 geggin í Rússneska Seðri-  
 ráðinu og mjóti þor mikils  
 trúnaðs.

A þak við fjöldinn er talinn  
 hafa farið fram mjög mikil  
 breytingu og viðtal þarinn  
 að gæsum af trúnaðsmönnum  
 sem aður voru se ni ekki talinn  
 um niútt vita heldur hófi  
 verð sett á stöfu sérstök yfir  
 stjórn 3 manna og gegni þum  
 hlutverk Kommúnistanna

Þó hafa euzar breitingar  
 orðit á yfirboði. Jaz hefi euzar  
 aðstodu til að vita hvar ni  
 gerist þor á þak við fjöldinn  
 soo öruggt se. Til þess at

þó se mögulegt verður að kaupa  
svikora sem stofa í frimater  
slöðum og hafa tilfræ farráða  
manna og alti að vera hægt  
fyrir lögreglustjóra að framhæna  
þas

Ég legg til að þér  
Jelid sakadómora Valdemar  
Stefánssyni að komma á fót  
fullkomnu nýsnaðkerfi innan  
Kommunustuflotsins á þann  
hátt sem ég aðri sagði þó af kynnum  
þeim sem er hefi af honum til  
ég hann telur þarum um þas  
enn hildernis lögreglustjóra

Þetta sem ég sagði yður  
áður er rétt og hefi þó frá  
byggandi heinvildu

og að Kommunustur búiist  
við yfirvofandi skrygald er engum  
efa undroypit þó þá hefi gripit  
þannisk hæðla við að verða  
flutti vestur til Bandaríkjanna



þegar stóid brytt út og þeir  
 vordart hafa skapt um  
 lakkik i götuaróðri þannig  
 að þeir gefa sig minna upp  
 um áður og lata þeim  
 svo að þeir séu hlutlausir

Ad öðruleiti fyrst mer  
 að allur almenningur  
 óski eflis að lid frá

Bandaríkjun væri hjó  
 kornid landsi og þjó til  
 Varnar

Ad endrunu kvæð  
 ez yður með vinnuend  
 og vinnungru og get vest  
 aðrei fullannað yður  
 að þeir hjálpuðu mer  
 að komast til Tollstjóra  
 þeir ez er ordin gamall  
 og hefi þungt heimili  
 yðs einlægur

—  
 Felix Sigurdsson

Keflavík, 24. ágúst, 1950.

Hr.  
atvinnumálaráðherra Ólafur Thórs.

Kæri vinur!

Systursonur minn, Björn Pálsson Miklubraut 68 (er ég mintist á við þig í sumar, að hefði hent það ólán að verða konu að bana með ógátilegum akstri undir áhrifum vins) kom hingað í öngum sínum í garhveldi. Réttvísinn atlaði fyrirvaralaust að stinga honum inn ( í eitt ár). Lögfræðingi hans Kristjáni Guðlaugssyni (sem ef til vill hefir ekki verið heppilega valinn, en hann þekti engan annan persónulega) tókst að fá mánaðarfrest. Atlar hann að reyna að fá handa honum skilorðsbundna náðun (5-10 ár). Ef hann þá kemur því í verk að gera tilraun til þess.

Vildir þú nú gera mér þann mikla greiða að færa þetta í tal við dómsmálaráðherrann, leggja málinu lið, og lofa mér að heyra um horfurnar hið fyrsta. (Ef fangelsi er óumflýjanlegt, þá þarf hann ~~það að ráðstafa sinni atvinnu, sé það hægt og sennilega að koma heimilinu á bæinn.~~)

(Vegna þess hvernig orð þín féllu um þettaefni í sumar, þá get ég þess, að vörubílstjóri varð varni að bana hér í garhveldi. Í morgun spurðu menn um líðan bílstjórans, eins og um dauðvona sjúkling væri að ræða)

Að öðru leyti er eftirmálinn eins og áður.

Þið afsökunar. Kær kveðja.

*Guðm. Guðmundsson*

Embætti skattamáladómara. 1950

I. Almenn atriði.

Skakkt að leggja embættið niður, en rétt að rýmka valdsvið dómarans og setja fastar reglur um starfssvið hans og ætla honum fastan samastað.- Sparnaður við að leggja embættið niður vafasamur eða enginn. (Sbr. sérprentaða grein eftir J.Sv.)

II. Sérstök atriði.

1. Jón Sv. er fæddur ~~22. október~~ 25/11 1889 og verður því 61 árs á þessu ári. Honum var veitt embættið 22. okt. 1942, en hefir nú verið sagt því upp frá 1. apríl 1951 að telja, ef lög um niðurlagningu embættisins ná fram að ganga.
2. Gengið er út frá því, að albingi myndi veita J. Sv. biðlaun eða eftirlaun, ef embættið yrði lagt niður, sbr. allan þann urmul eldri embættismanna, sem á fjárlögum eru með biðlaun eða eftirlaun, en hann kemi ekki til með að njóta eftirlauna úr lífeyrissjóði embættismanna, ef embættið yrði lagt niður strax.

3. J.Sv. er af léttasta skeiði. Ef hann á nú að láta af embætti án saka, má segja, að harðar sé að gengið en dæmi munu finnast með opinbera starfsmenn, ef hann á heldur enginna eftirlauna að njóta.

4. Það má vel vera, að ekki sé hægt að bera fyrir tilskipun frá 1855, sem lögleiðir reglur um eftirlaun og biðlaun til handa embættismönnum, en hér má vel taka til athugunar § 61. gr. stjórnarskrárinnar um ákvæði viðvíkjanadi dómurum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi. Verða slík embætti lögð niður án þess að dómurarnir haldi fullum launum?

Sérstök atriði til athugunar.

1. Er ekki óklókt fyrir stjórnina vegna áróðurs að leggja embættið niður einmitt á þessu ári, er komið hefir fram við rannsókn dómarsins, að ríkissjóður hefir grætt ca. 600 þús. krónur á skattrensóknum, sbr. úrskurð yfirskattanefndar Gullbringu- og Kjósarsýslu og viðbótarskatt hjá framtalsnefnd? Það er sem eitthvað annað og fleira komi þarna til greina en sparnaðar-ástaður.
2. Mun ekki mörgum skattgreiðendum, ~~en~~ einkum faslaunuðu fólki, þykja alleinkennilegt, ef skattdómarinn er látinn fara, án saka, en rannsóknarþolum er sleppt hvað eftir annað við öll viðurlög?
3. Er málið af bólitiskum rötum runnið, eins og það er nefnt? Því er talið rétt að draga úr eftirliti með réttum skattframtölum?
4. (Athugið: var, ef lausd gæti soti í ríkisskattnefnd, hvort J. Sv. vild. ekki taka vit þvi og auk þess slafa at fullu hjá ríkisskattnefnd með lammum, sem nýja lífeyrissjóftsvillar. Motti þá, ef dómstansókn- ar viðhíst vit þurfa í einstökum málum, setja þann sem rannsóknardómara með viðslaki umbættará.)

Ólafur Pétursson  
Endurskoðandi

Reykjavík 8 janúar 1950.


Hr. Utanríkisráðherra  
Bjarni Benediktsson.

Ég leyfi mér hérmeð að senda yður ummsókn Hans Georg Ródtang, um íslenskan ríkisborgararétt.

Persónulega þekki ég mann þennan lítið, en ættingjar hans, sem ég er vel kunnugur, hafa beðið mig um að aðstoða hann við að koma ummsókninni á framfæri. Í trausti þess að þér verðið umsókn þessari vinveittur, hefi ég leyft mér að senda hana persónulega til yðar. Jafnframt sem ég bið yður að afsaka þetta ónæði.

Til að fyrirbyggja miskilning vil ég sérstaklega taka fram að umsækjandinn mun, að því er ég bezt veit, hafa verið svokallaður "góður norðmaður" á stríðsárunum.

Virðingarfyllt

  
\_\_\_\_\_

Höfn í Hornafirði 20maí '50.

Þóðli vinur, mig langar til  
 að lýða þig að gera mér greiða af  
 þíu hefist nokkur möguleg rætt, ég er  
 búinn að fá mér til til að koma á  
 undir minna gróf. Þar sem ég var  
 í veltu á meiragröfsonamskeiði og  
 okkur var þá það að vit hefjum  
 réttindi, en rétt minna var mér líklegt  
 að ég meðti ekki koma nema fara  
 á þessum kemasamskeið  
 sem er ekkert annað en nafnið og  
 lögminni sinn og verður aldrei háð  
 þess. Þessi réttindi þeyra undir  
 dömsmálaráðuneytið, og ég freyðti  
 þess til að útsvega mér þann, og ég fæ  
 ekki að þíu færi þann í gegn hjá  
 Þjarna þess. Þetta er þúðnason

2.

þessu svelli sé út ríttindi á þessu  
áð færa á kemarannámstíð  
það hlakkaði vel í ljústa Björnssyni  
þessu þessu að ég mætti ekki kemma  
en ég skal sýna þeim góða  
manni að ég hef min ríttindi eins  
og hann sin. Ég skal segja þess  
þessu minni að ég taladi í dag við  
kemara minni Berg Arnstjarnason  
á Akkræsi og hann taladi við  
jón Ólafsson í lífsráðgjafarstíð  
en hann vilði ekki segja þessu  
um þetta þessu sem eitthvað er lóðtíð  
þetta. Þessu þessu mætti að taladi við  
Ljósgeis Jónsson hjá dönbarnaráðgjafarstíð  
en ég vilði að fresta þessu til að útsaga  
mætti þessu ríttindi þessu af  
útráðgjafarstíð og senda þessu  
ég geti haft þessu útsaga þessu



og senda mið þútt allra bráðasta  
ef þú mógulega getur, ég skal  
muna þess þatt, ég skal segja þess  
þessum að ég var þessjaldurta þessum  
en svo vandig að heitka Niki þessum  
sagt að mið þess þess þess þess  
heitka, heitka þess þess þess  
um þess þess þess þess þess  
þess þess þess þess þess þess  
í Reykjavík á gættum þess þess  
og þess þess þess þess þess þess  
þess þess þess þess þess þess  
að þessum og upp þess þess þess  
gott og ummið þessum í þessum  
ég ætlaði að þessum þessum þessum  
en heitka við þessum þessum þessum  
þessum þessum þessum þessum  
þessum þessum þessum þessum  
þessum þessum þessum þessum  
að þessum þessum þessum þessum

hendina þá getur þú flausl fengið afrikt  
 af þeim í lifseidastöðinni  
 ég veit að þú getur fengið þetta í gegn  
 og þú áttir þú ert þú um þetta að  
 ég hefi traust til þinn. Þá mætti þú  
 veita þig á, og þá segi ég af hulum  
 þug. og þá segi sjálfur frá þá  
 þú ert ég þá góð með mér meðan á  
 máttu veitir þú að ég þarf ekki  
 að þerra kinnroða af.

Ég veit að skrifar þú um gráinnu í  
 lifseidastöðinni þú ert þú eigi þú þú  
 með að átta þig á þessu

21. gráinnu

Lifseidastöðinni þú ert þú áttir þú  
 þú í lifseidastöðinni að veit þú þú þú  
 í lifseidastöðinni þú ert þú þú

Réttimeli til þessu í lifseidastöðinni  
 þú ert þú 25 ára að aldri og þú

Kaupmannahöfn, 23. des. 1950  
Pension "Stadion",  
Ósterbrogade 110.

Herra  
Bjarni Benediktsson, útanríkisráðgjafi,  
Reykjavík.

Í þessum brífi er ég kem að aðalefni þessa brífs, vil  
ég fyrst votta yður minar innilegustu þakki-  
fyrir þann þátt, sem þi hafið átt í för að mi  
var gefið heki fori til þess að geta lokið kvi  
minum hi i Danmörku, með þeim góða árangri  
að fá heilsuna að fullu aflur. Engum er þat  
ljósara en einmitt mi sjálfum, að eflir allt  
þat, sem á undan var gengið, átti ég þat traust,  
sem mi var með þessu sjnt, engan vegin skilið.  
Þessvegna hefti þat verið beði synd og skömm,  
ef ég hefti ekki reynt að nota mi þetta heki fori,  
sem best, og gert allt þat, sem i minni völdi stóð,  
til þess að úrangurinn yrði, ekki aðeins góður,  
heldur einnig svo traustur að hann veri til fram-  
húðar. Að sjálfsgötu þarf ég ekki að taka þat  
fram, hve ríft þessi baratta min hefur verið,  
þat veit ég að þi skilið. Þat var sannarlega enginn  
leikur og mi var þat ljóst frá byrjun, að fullnadar  
sigur yrði ekki ummín á margskonar vifti og  
forauta, líkamlega og andlega. En þvi meira vifti,  
sem þat hefur verið mi að berjast þessari barattu,  
þess meiri er líka gleðin, að ummín sigri, og yfir þvi

at vera mi aflur orðinn frískur og frjáls maður  
og engum utanatkomandi hjálparmedulum háttur  
til þess að geta starfað og lifað lífinu einso og aðrir  
heilbrigðir menn. Ég var strax ákveðinn í því að  
lata leknanum einræða um allt, sem að lekninu  
mínum laut, í þetta sinn, línann sem annað og reyndi  
á annan hátt að haga mér eftir ráðleggingum þeirra.  
Ég held því mi sé óhætt að fullyrta að þeir hafi  
verið áregetir með hegtun mína, vinnuafhöst o. fl.  
og á meðan ég verð heí í Danmörku held ég áfram  
með að vera undir slóðugu eftirliti yfir leknisins.  
St sjálfsgötu er það gott og að því mikill slyrkur,  
en þó hvergi nærri nóg ef ég verri ekki sjálfur á  
slóðugum verði um heilsu mína.

Mér er það fyllilega ljóst að ég skuld í mikilli  
þakkarshuld vit yður og aðra þá, sem hafa verið  
mi heithallir í þessu máli og slúðlat að því að  
ég fékk þetta bekrifni til þess að fá heilsuna aflur.  
Þynni það er ég óumræðilega þakklátur og ég veit  
að á þann eina hátt get ég best sýnt þakklát  
mítt, að samna ykkur að um þig ég yfir þeim mann-  
dómi að geta staðfest allar freistingar og að ég, þrátt  
fyrir allt, er trausts ykkar vordugur.

Ég er á þeirri skotun að það verri beði heimsku-  
legt og heitnlegt heilsu míni að koma heim í brát,  
og skal ég mi reyna að skipta fyrir yður á skertur

minar til þess. Þegar ég skildi við konu mína,  
lét ég henni ekki aðeins eftir allar mínar eignir,  
og tók ekki annað með mér en fótin, sem ég slóð í,  
heldur lét ég henni einnig eftir alla mína fyrri  
vini, kunningja og frændfólk. Þessvegna er það,  
að ég hef svo að segja slitið öllu sambandi við  
þetta fólk, og eiginlega hvernig komist án þess að eiga  
í hattu að rekast á hana. Því þrátt fyrir það, að  
við skildum í vinsemd og bróðurni, þá er það mi samt  
svo, að það er hreint ekki svo þægilegt að eiga alltof  
í hattu að rekast hvert á annað, hvorhi fyrir okkur  
mi þá, sem við kynnum að hittast hjá. Það er annað  
en gaman að þurfa alltaf að vera í flotta  
undan frændum og fyrri vinum, - ég veit alltof vel  
af reynslu undanfarandi ára hve depresserandi  
það er. Sem telur fer um það ekki margir, sem hafa  
reynt hvat það er að þurfa alltaf að vera gestur  
í sínum eigin fæðingarbei. En þetta er aðeins eitt af  
mörgu, sem gerir það að verkum að ég vil allt  
annað frekar en koma heim til Íslands í brátt,  
og mun yfir ekki ókunnugt um sumar þær ástætur.  
Ég hef rétt um þetta við nokkra þeirra manna hér  
í Höfn, sem hafa verið mér einstaklega vinveittir  
og ráðhollir, svo sem sendihverja okkar Jakob Möller  
og Guðmar Björnsson, forstjóra, og virtast þeir vera  
mér fullilega sammála. Soo er það einnig, að heima,

hvert heldur er í Reykjavík eða íli á landi, þar  
liggja freistingarnar fyrir mér, svo að segja á hægju  
götuhorni, og þó að ég eigi mér að heita að vera kom-  
inn yfir örnugasta hjallarnum og af leknumum talum  
fjellbata og úr mestu hvettu, virðist mér skepnsamlegra  
að fordast freistingarnar en að gera gyllingar til  
þess að leika sér að eldnum. Það eru ekki aðeins  
þessir þveir menn, sem hafa fullan hæg á að selva  
mér eitthvað að gra hi í Höfn, heldur einnig fleiri,  
og verður það varð met sammi sagt að þeir hafi legið  
á listi sínu í því efni, þótt þeim hafi enn, sem komið er  
ekki lánað að finna veitt við mitt hefi. En í síðast  
líðinni viku, kom Þorsteinn Jónsson, flugsljóni hjá  
flugfélagi Íslands, til mín og hjati mér að vegna þess  
að flugfélagin heima hefðu stíft samstarfi sínu hi,  
og sagt umboðsmanni sínum hi, Þólium Magnússyni  
upp frá 1. jan. n.k. Þá vantar þá mann til þess að  
taka að sér afgreiðslu starfi hi í Höfn. Þorsteinn eggjati  
mig mjög á að sekja um þetta starf og lofati að  
gra allt það, sem í hans veldi stæti til þess að ég  
fengi starfann. Nú stendur þannig á, að Þólium  
Magnússon er góður kunningi minn, og þrátt fyrir  
það að hann hafti einnig sagt mér frá þessu sama,  
vildi ég samt ekki húa öðru en því að þetta gæti  
lagast. Ég bat því Þorstein um að reyna heldur að  
leita áhrifum sínum til þess að koma í sattu

milli félöganna, svo Hóbjörn getur haldið áfram að starfa hér fyrir bæði félagin, hvefðis sem hingað til. Þessu lofari Þorsleimur mér, þótt hann telur harla líflar líkur til þess að það myndi vera árangur. Mér var það þegar ljóst, að ekkert starf myndi mér heppilegra, sérstaklega með tilliti til heilsu minnar í framtíðinni. Túrur utan þat, að ég tel einmitt soona starf hvímalalaust best til þess fallið að vekja hjá mér starfsgeiti og áhuga, er ég samfordur um að þat fellur einmitt vel þeim hefðileikum, sem ég kann að búa yfir, þótt þeir séu kannski hvorhi miklir né margþetta. Þat kostaði mig þó, eins og gefur að skilyrði, talsverta sjálfsafneitan að láta ekki freistast til að sækja um starfit, sérstaklega þegar þess er gætt ~~þess~~ <sup>hvefðis</sup> Þorsleimur ~~hvefðis~~ lagði hart að mér og að hann taldi vonlaust um að samningar hefjust um framhæð samstarfins milli félöganna í þeim grundvelli að Hóbjörn heldi starfnum áfram. En svo sketur þat, að í fyrramorgun fékk ég símskeyti frá Þorsleimi, þar sem hann er eggjar mig á að sækja og senda metmál. Þá fyrst tók ég mér þessa í hönd og sendi skriflega umsókn um starfit. En metmáli hafði ég engin, hvorhi hefi né heima, þó samleikunum er sé, að metmalum hef ég aldrei þurft á að halda til að fá alvirnu. Þessvegna tók ég mér þessa leyfi og benti m.a. á ytur, sem myndu gá gefit upplýs-

ingar um mig og minna fái kosti en mörgu lesti. Vegna þess at mi er þat fyllilega ljóst at til þessa hefti eg ekkut leyfi, vert eg heimt at leitja ytur at fýringu mi þat. Eg er nú einu sinni þannig gertur at eg á ókaflega bágð met at leitja mem um at gra mi greita, jafnvel ekki minna lesku vini. En vegna þess hvernig mi á stendur um minna hagi, og mi er þat lifsspursmál at fá eitthvat at starfa, neyðist eg til at leita á natið þívra manna, sem eg treysti best, jafnvel þótt eg aldrei hafi verið þeim til armars erfitleika. Þat er af þessum ástæðum, sem eg mi, ermpá einu sinni, leita til ytar og lit ytur vera mi heitthollan, þvi met þvi eina móti get eg gert mi einhverja von um at fá stötuna. Eg vona at eg þurfi ekki at taka þat fram, at eg mun, ef mi heitnast sí gefa at fá afvinnu þessa, gra allt þat, sem í minnu valdi stendur til þess at rekja starf mitt eftir lesku samvísku, og treysti þvi og vona, at þei aldrei þurfit at sjá eftir at hafa skuldat at þvi. Eg hef búið þetta undir dóm þívra Jakobs Möllers, sendiherra og Gunnars Björnssonar, og söedu þeir bátið sjálfsgætt at eg gerti allt, sem hegt væri at gra til þess at fá, einmitt þessa stötu. Nú, þegar eg hef fengið fulla vissu fýri þvi at eg á engan hátt geng á rétt armara met þvi at sekja um stötuna, leit eg met eflivæntingu eftir at heyra hvort eg fé hana eta ekki.

Þó endingu leit eg ytur um at skila minni innilegustu hvetju til komu ytar og barna og verið sjálfur heit þvaddur, vinsamlegast ytar

Jóhannus Loftsson



# Gunnar Bjarnason

kennari

Ráðunautur Bfl. Ísl. í Hrossarækt

Hoanneyri, 11/11, 1950.

Góði vinur.

*um harkver- og sýpækun*

Nú hefur Tíminn komið með mikla frétt um frumvarp þeirra Framsm. þar sem Jón á Reynistað er þó með. Í sama blaði gerir hann mat úr þessu fyrir sig í leiðara. Þetta er í föstudagsblaðinu 10. nóv.

M. a. segir blaðið: "Þetta er sú sjálfsgöða leið, sem fara skal, þar sem neytandinn á að ráða hvað hann kaupir og hvar hann kaupir, en almenningur er ekki meðhöndlaður sem kvikfé verzlunarmanna. - Þess vegna er þetta mál eins konar prófmál um vilja og stefnu Alþingis í verzlunarmálum almennt". Það er svo sem auðséð, hvernig á að nota þetta mál til auglýsinga á innræti Framsm. en til tortryggni á okkur.

Þú manst nú eftir samtali okkar um þetta fyrir rúmu ári síðan og þeim tillögum, sem þú þá lagðir fyrir Stjórnina og fékkst þar samþykkt. Þar er upphafið að þessu, og það þarf að halda því vel á lofti, að þetta sé frumkvæði og viðhorf okkar í þessum málum.

Í fyrra varð okkur ekki eins mikið gagn af málinu, eins og hefði getað orðið, ef rétt hefði verið á því haldið. Að vísu léztu rita einn leiðara um þetta eða geta þess í Mbl. en það var ekki nógu vel hamrað á því, og hitt var þó verst, að úthlutunarnefndin tók þessu ekki nógu rögg-samlega. Þeir skrifuðu hálf klaufalegt bréfi til búnaðarfélagsformannanna, sem margir þeirra skildu ekki, - þ. e. þeir áttuðu sig ekki á stefnubreytingunni, og héldu að fyrri pantanir nægðu, þetta væri aðeins áréttung.

Ég talaði þá líka um þetta við Þorstein, en hann sá ekki "pointið" eða hversu þetta gat orðið okkur hagkvæmt í áróðri. Málið er nefnilega rétt og gott, og ef það er nógu vel hóað inn í eyru fólksins, svo að það fari að átta sig á, að sé raunverulega hagsmuna- og umbótamál fyrir það, þá verður það að athyglisverðu stórmáli. Það verður aldrei neitt að stórmáli, sem almenningur veitir athygli, nema það sé barið að utan og innan með áróðri, og aftur áróðri.

Ég vil nú biðja þig í þinginu að rekja sögu málsins frá því í fyrra og sýna fram á, að þetta hafi verið vilji þeirrar stjórnar, og Sjálfstfl.-ráðherra hafi haft frumkvæðið vegna vilja, sem komið hafi fram meðal Sjálfstm. Svo út frá því má vekja þetta aftur upp í Mbl., því að, sannaðu til, Framsókn mun reyna að nota þetta sem áburð í sinn jurtapott.

Héðan allt gott að fréttu. Mislíkaði við Björn Ólason vegna skipunar skólanefndaformanna í A-Skaft. Ég lagði fram tillögur um það, en hann fór ekki eftir þeim, nema þá að litlu leyti. T. d. var Steinþór á Hala endurskipaður í Suðursveit, en hann er hálfkommi og faðir barnakennarans Torfa, sem er mesti áróðursmaður Komma í sýslunni. Ég hafði hins vegar ákveðið óskað eftir að fá Bjarna á Kálfafelásstað, sem hefur verið einlægasti og duglegasti stuðningsmaður okka þar í mörg ár, og við höfum aldrei neitt fyrir gert. Hann á auk þess mörg vörn á skólanum og býr á sömu jörð og skólinn stendur á. Nú geta þeir áfram Steinþór og Torfi keypt menn með embættarekstri við skólastarfið (kyndingu, ræstingu og fl) og haldið sína trúboðsfundi yfir æskunni. Ég hef sagt Birni, að mér mislíkaði þetta. Ég hafði reiknað ákveðið með, að tillögum mínum yrði fylgt, enda voru þær gerð

Jónna Björnsdóttir  
Lárus  
Sýslu- og Landeigendamálaráðgjafi

ar í samráði við flokksfélagsstjórn okkar fyrir austan, og ég hafði skrifað þeim um málið, sagt þeim frá tillögum mínum og fullyrt, að þeim mundi verða fylgt. Þetta mun því sýna Skaftfellingum, að ég sé alveg áhrifalaus gagnvart ráðherrum míns flokks, og í þeirra augum mun Páll á Hnappavöllum eða Eysteinn þar hafa meiri tiltrú og eiga betri grundvöll fyrir sínar tillögur.

Ef þú minnst á þetta við Björn, máttu gjarnan sýna honum bréfið, því ég vil ekki, að honum finnst ég sé að fara á bak við hann með þetta, en ég hafði ekki tíma um daginn til að láta gremju mína í ljósi við hann.

En það er augljóst mál, að ef við eigum að geta haldið fðokknum í horfi og unnið á, þá þurfum við allir að vera vel samhentir og bregðast ekki hvorir öðrum, að minnsta kosti ræða málið, áður en ákveðið er að gera þvert á móti óskum flokks- og baráttubróður. Ég hefði vafalaust geta eitthvað breytt til með uppástuhgur í samráði við ýmsa áhugamenn í þessum málum fyrir austan, sem eru búsettir í Reykjavík, en það var ekki gefinn neinn kostur á slíku.

Óska þér og ykkur öllum allt hið besta.  
Með beztu kveðjum. Þinn einlægur,

Jónna Björnsdóttir

Hudkjöningstögur 38<sup>II</sup>  
Johannesbrög  
Stockholm, 27. 3. '50.

Ht. fadhessa Bjarni Benediktsson  
Reykjavík.

Þeir og þeir eftlaust munir, kom ég til  
yðar í haust og það yður að lala máli minnu  
við húsaleigunefnd radsandi skúli á Skulagötu 56.  
Þeir lokud erindi minnu þá svo ringjarnlega, að  
mér finnst ég gefa em á mig beidd yður liðsinnis.  
Mér lokst ekki að má lali af yður áður en ég fer  
uban, þri má vera, að þeir seud þegar biinn  
að lala við nefndarmenn eða einhverjum þeirra.  
Þó það sem mér er kunnugt um, að einnill mi  
mun vera þjallad um málið, þalli mér dand um,  
ef þeir tilduð gera mér þann mikla grida að  
beita áhrifum yðar eftir þri, sem þeir sjáid  
yður forl. Guðsmut Petrusson hefir málið  
þeir skut.

Þó vil svo að lokum biðja yður af-  
sókkur á þessu krabbi minnu, sem kemur af  
illri maudseyr.

Vitðingarfyllis,  
Fríðrikka Þenonjod.

GUNNAR BJÖRGVINSSON,  
ESKIFIRÐI.

---


p.t. Reykjavík, 20. nóv. 1950.

Kæri vinur,

Mér hefir nú verið sagt upp starfi mínu sem tollþjónn fyrir Austurlandi. Barst mér uppsagnarbréfið 2. þ.m., en það er dags. 23. sept. s.l. Uppsögn þessi kom mér mjög á óvart, þar sem ég veit ekki til annars en ég hafi leyst starf mitt af hendi að undanfögnu þannig, að ekki verði að fundið. Skal ég ekki segja um ástæður fyrir þessari uppsögn. Hitt er víst, að það xtefnir fjárhag mínum og heimilis míns í beinan vöða, þar sem allir atvinnumöguleikar er nú næsta lélegir og auk þess hafði ég sett mér það mark að vinna mig upp í þessu starfi og er það því tvöföld raun að þurfa nú að hverfa frá því, án þess að fá eitthvað annað í sömu grein annars staðar. Ég hefi í dag skrifað fjármálaráðherranum, sem hefir með þessi mál að gera og farið þess á leit við hann, að þetta mál sé athugað enn betur eða að mér verði útveguð staða annars staðar. En ég vil nú vera svo frekur og mælast til þess, að þú ljáir mér hjálparhönd þína, ef nokkur möguleiki er á, til þess að þessi uppsögn mín fái ekki þann endi, að ég verði alveg sviptur störfum í þessum efnum og þætti mér ákaflega vænt um, ef ég mætti tala við þig um þetta atriði nú næstu daga, en ég er kominn hingað suður vegna þess.

Með beztu kveðju.

Þinn



Til  
hr. dómsmálaráðhr. Bjarna Benediktssonar,  
Reykjavík.

Atv.

þungu heitast að sjá, sem ég hefi sýnt upp þar austur frá og  
veit ég samt að þetta getur tekið við fyrir þó, ef þú og atvinnu  
möguleikar þú ná sýna, ef að ég verð að þessu ár starfi þjá  
rífna.

p.t. Reykjavík, 20. nóv. 1950.

Ég undirritaður, sem undanfarin tvö og hálf ár hefi  
verið tollþjónn fyrir Suðausturlandi, fékk nú 2. þ.m. bréf frá  
Fjármálaráðuneytinu, þar sem mér er sagt upp starfi mínu frá  
næstu áramótum. Bréfið er dags. 23. sept. s.l.

Í bréfinu er tekið fram, að uppsögn mín stafi af því  
að ráðgert sé að taka upp nýja tilhögun á tollgæzlunni á Austur-  
landi.

Uppsögn þessi kom eins og reiðarslag yfir mig og fjöl-  
skyldu mína og stefnir hag okkar í mesta vöða. Þar sem ég veit  
ekki til annars en að ég hafi rekt starf mitt undanfarið af  
fullri samvirkusemi, enda hefi ég fengið meðmæli frá málsmetandi  
mönnum á Austurlandi, eins og t.d. hr. Jóni Sveinssyni kaupfélags-  
stjóra, hr. Ásgeiri Júlíussyni sýsluskrifara og hr. Benedikt  
Guttermssyni útibússtjóra, sem allir eru á Eskifirði, þar sem ég  
bý, vildi ég mælast til þess, hestvirtur ráðherra, að þér sæjuð  
yður fert, annað hvort að láta mig halda áfram starfi mínu undir  
hinni nýju tilhögun, eða sæjuð um að ég fengi starf í þessari  
grein annars staðar, t.d. í Hafnarfirði eða Reykjavík. Hefir  
sýslumaðurinn á Eskifirði, hr. Lúðvik Ingvarsson, tjáð mér, að  
hann myndi leggja til við yður, að ef ég hætti starfi á Austur-  
landi, þá yrði ég látinn fá starf svipaðs eðlis annars staðar.

Ég vil svo að lokum mælast til þess, hestvirtur ráðherra,  
að þér látið athuga alla möguleika fyrir mig um framhald atvinnu  
minnar eða flutning til annarrar atvinnu, þar sem ég hefi fyrir

